



Faghópur 3

Fundargerð 3. fundar

Orkustofnun, Reykjavík, 27. mars 2009, kl. 13:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. **Minnisblað formanns.** Formaður lagði fram minnisblað sem hafði að geyma innlegg í umræður fundarins. (Sjá afrit á lokuðu vinnusvæði hópsins.) Á minnisblaðinu komu m.a. fram útlisting á skörun og tengslum faghópanna, mikilvægi þess að faghópur 3 skilgreini viðfangsefni sitt og rammi það inn gagnvart eftirtöldum lykilþáttum. a) Hvers konar mat? b) Áhrifasvæði. c) Afmörkun í tíma. d) Áhrifaþætti. Þá fylgdi minnisblaðinu „óvísindalegur listi um mögulega þætti sem gæti þurft að skoða“. Í umræðum kom enn fram þung áhersla á samráð við aðra faghópa. Einnig að lykilatriði væri að gera ráð fyrir hvernig orkan verði nýtt. Samþykkt var að fundarmenn vinni listann áfram - hver um sig – hverju þurfi að bæta við og hvað má fella út og sendi formanni tillögur sínar sem samræma mun athugasemdir, tína til rök með og á móti og hvernig megi mæla/meta einstaka þætti. Þessa samantekt mun hann leggja fyrir næsta fund.
3. **Hagkvæmni virkjunarkosta.** Starfsmaður kynnti hagkvæmniflokka virkjunarkosta sem faghópur 4 hefur skilgreint. Eftir stutta yfirlegu taldi fundurinn að flokkunin gengi vel upp, m.a. koma fram að samkvæmt mati Hagfræðistofnunar verður kostnaður þeirra þriggja virkjana sem leggja munu orku til álversins í Helguvík vera um 21,40 kr. á kWh/a. Samkvæmt flokkuninni myndu þær virkjanir lenda í næst hagkvæmasta flokki (20-25 kr. pr kWh/a).
4. **Listi yfir virkjunarkosti.** Starfsmaður dreifði drögum að lista yfir virkjunarkosti sem koma til mats undir hatti 2. áfanga rammaáætlunar. Enda þótt ekki sé um að ræða endanlegan lista má gera ráð fyrir að breytingar á honum verði fáar.
5. **Hagkvæmnilíkan Hagfræðistofnunar.** Daði kynnti líkan sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur smíðað til að meta áhrif stóriðju (t.d. álvera) á þjóðarhag, m.a. með tilliti til hagvaxtar, virkjunarframkvæmda og almennra efnahagslegra áhrifa. Daði mun skoða líkanið m.t.t. verkefni hópsins, meta nauðsynlegar forsendur og hvernig útkoman mun nýtast. Ákveðið var að taka fyrir tvo virkjunarkosti til að prófa og meta á gagn líkansins. Kostirnir verða Skagafjörður (Skatastaðavirkjun og Villinganesvirkjun) og virkjanir í neðri Þjórsá (Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun). Von er á nánari upplýsingum yfir þessa kosti innan tíðar.

6. **Atvinnustig.** Í umræðum um listann sem fylgdi minnisblaði formanns beindist umræðan m.a. að atvinnustigi og tengdum málum. Jóhannes lagði fram tvö minnisblöð (sjá afrit með fundargerð á vefsvæði hópsins):
- a. Um mikilvægi framkvæmda sem tengjast orkuíðnaðinum fyrir innlenda sérfræðiþekkingu. Jóhannes hefur tekið saman kostnað við framkvæmdir í orkugeiranum síðustu 12 ár (1997-2008) sem hann metur tæplega 500 milljarða króna. Þar af sé hlutfall vinnu „innri sérfræðinga“ við undirbúning, hönnun og eftirlit um 15% (75 milljarðar kr.eða 6.2 milljarða á ári. Þetta svarar til vinnu um 500 sérfræðinga á sviðum félags- og raunvísinda á hverju ári. Enda þótt hluti þessara starfa sé í höndum erlendra aðila er það oftast í samvinnu við innlenda sérfræðinga og nýtist innlendum aðilum með yfirfærslu á nýrri þekkingu og tækni.
 - b. Samanburð meðallauna í stóriðju (orkufrekum iðnaði) og á almennum vinnumarkaði. Á minnisblaðinu kemur fram samanburður á tímakaupi starfsmanna í álveri Alcan í Straumsvík, sérhæfðs starfsfólks í öðrum iðnaði, byggingaverkamanna og loks meðallaunum í landinu. Samkvæmt yfirlitinu eru meðallaun starfsmanna í Straumsvík um 27% hærri en meðallaun í landinu. Bent var á að vinna í Straumsvík byggi að hluta á vaktavinnu.
 - c. Daði tók fram að í líkani Hagfræðistofnunar væru forsendur launakostnaðar svipaðar og koma fram á minnisblöðum Jóhannesar.
7. **Næstu fundir.**
- a. Næsti fundur verður haldinn í Reykjavík í framhaldi af verkefnisstjórnarfundi 17. apríl.
 - b. Fimmti fundur verður haldinn á Akureyri 24. apríl.
 - c. Þann 7. maí er stefnt að kynnisferð hópsins í Laxárvirkjun og á Kröflusvæði og morguninn eftir verður sjötti fundur haldinn á Akureyri.
 - d. Sjöundi fundur verður haldinn á Akureyri 22. maí.